
Abstract

In this thesis, the tension between the freedom of expression and the right to privacy is examined with particular attention to the media in Iceland and the United Kingdom. I will consider how these rights are protected in international treaties, especially protection under the European Convention of Human Rights, constitutional protection, domestic laws and cases.

The Von Hannover v Germany case is summarized, as is its impact on the right to privacy in Europe. Following the Von Hannover case, the line between freedom of expression and right to became a little clearer and for the first time in a long period a guideline was set for adjudicating the conflicts between privacy and the media. The main question in the thesis is whether there has been a change in the relations between freedom of expression and the right to privacy or if the "landmark judgment" in the Von Hannover case was unique and restricted to its own facts with no precedent effects and therefore unlikely to change anything. In the light of the Von Hannover ruling, cases in Iceland and the UK will be evaluated and the development examined.

In addition, the importance of ethical codes in the media profession has been disputed and I will try to evaluate the significance of these codes and their role in the media profession.

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um togstreituna á milli friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis þar sem megináherslan verður lögð á hlutverk fjölmiðla í því sambandi á Íslandi og á Bretlandseyjum. Farið verður í það hvernig þessi réttindi eru varin í alþjóðlegum samningum, svo sem Mannréttindasáttmála Evrópu, hvernig þessi réttindi eru varin í stjórnarskránni, innanlandslöggjöf landanna tveggja sem og dómaframkvæmd.

Karólínudómurinn svokallaður verður reifaður og rætt verður um áhrif hans á dómaframkvæmd á Íslandi og í Bretlandi. Dómurinn þykir af mörgum umdeildur og þykir mönnum hann ýmist hafa skýrt línurnar í samspili þessara tveggja réttinda eða vera afglöp Mannréttindardómstóls Evrópu og hafa ýmsir líkt dómnum við slæmt höfuðhögg sem komi ekki til með að hafa frekari áhrif.

Að lokum eru vangaveltur um tilgang og áhrif siðareglna á fjölmiðla. Geta siðareglur einar og sér verið nægilegt aðhald á fjölmiðlum svo ekki þurfi að setja sérstaka löggjöf eða erum við bundin því að setja lög og reglur?